



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík voru afhent á *Degi Íslenskrar tungu* 16. nóvember 2023. Var þetta í sautjanda sinn sem verðlaunin voru afhent en þau eru á vegum skóla- og frístundráðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Íslenskuverðlaununum er ætlað að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslenski tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu í töluðu og rituðu máli.

Að þessu sinni fékk 31 nemandi í 16 grunnskólum verðlaun. Samtals hafa tæplega 1.100 nemendur eða nemendahópar verið tilnefndir til verðlaunanna frá upphafi. Allir grunnskólar í borginni geta tilnefnt nemendur eða nemendahópa, einn á hverju skólastigi. Meðal verðlaunahafa voru ungir, áhugasamir lestrarhestar, framúrskarandi upplesarar, nemendur með annað móðurmál en íslensku sem náð hafa góðum tókum á íslensku á skömmum tíma, sagnahöfundar og ljóðskáld. Um afhendinguna sáu Marta Guðjónsdóttir, Sabine Leskopf og Guðný Maja Riba, allt fulltrúar í skóla- og frístundaráði borgarinnar.

Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands 1980-1996. Flutt var kveðja frá henni á myndbandi við afhendingu verðlaunanna. Verðlaunin að þessu sinni voru viðurkenningarskjal með undirritun Vigdísar Finnbogadóttur og bókina *Ljóðaúrval* með ljóðum Jónasar Hallgrímssonar í samantekt Böðvars Guðmundssonar. Ungt og upprennandi fólk í skólahljómsveit Vestur- og Miðbæjar flutti tvö lög við þetta tækifæri undir stjórn Inga Garðars Erlendssonar.

Nefnd um verðlaunin er skipuð Mörtu Guðjónsdóttur fulltrúa í skóla- og frístundaráði sem er formaður, Kristínu Jóhannesdóttur fyrir hönd skólastjóra, Soffíu Vagnsdóttur, Guðrúnu E. Bentsdóttur og Ólöfu K. Sívertsen fyrir hönd grunnskólahluta fagskrifstofu. Starfsmenn grunnskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs sem aðstoðuðu við undirbúning og framkvæmd voru Alda Árnadóttir og Harpa Þorvaldsdóttir.



Verðlaunahafar voru að þessu sinni:

Austurbæjarskóli

- Salka Árnadóttir
- Anna María Tómasdóttir
- Vy Thao Vu

Álftamýrarskóli

- Ástrós Eva Einarsdóttir

Ártúnsskóli

- Sigurlaug Jökulsdóttir

Borgaskóli

- Hussein Aziz Haidar

Breiðholtsskóli

- Apichaya Eiamlmoon
- Arnar Bjarki Jóhannsson

Fellaskóli

- Fahad Abu Zer
- Steven Michael Noviczski
- Alexandra Ninja Bjarkadóttir

Foldaskóli

- Elísabet Hauksdóttir

Háteigsskóli

- Nína Marin Andradóttir
- Jakobína Lóa Sverrisdóttir

Hólabrekkuskóli

- Morgunsól Aría Eldberg Heiðarsdóttir
- Heather Adrielle Gayle R Tongco
- Guðbjörg Grímsdóttir

Klettaskóli

- Felix Auffenberg

Landakotsskóli

- Deanne Rylan Maamo Tolato
- Ottó Hugberg Torfason



Reykjavíkurborg

Rimaskóli

- Margrét Einarsdóttir
- Una Lind Otterstedt
- Sóley Kría Helgadóttir

Seljaskóli

- Elín Sóley Sande e Castro
- Nína Magnea Engilbertsdóttir .
- Lúkas Myrkvi Gunnarsson

Tjarnarskóli

- Margrét Arna Björnsdóttir

Víkurskóli

- Karen Sæberg Guðmundsdóttir

Ölduselsskóli

- Sverrir Valdimar Daníelsson
- Robin Shekho
- Artem Smolnychenko